

Fyrirspurn

til iðnaðar-og viðskiptaráðherra um verkefni sem sinna má á landsbyggðinni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hafa verkefni iðnaðar-og viðskiptaráðuneyta eða undirstofnana og fyrirtækja þeirra sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?